

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Fiskeldi Austfjarða hf. Berufjörður



<b>Dags eftirlits</b>	4.12.2013	<b>Fulltrúi UST</b>	Hákon Hansson
<b>Fyrirtæki</b>	Fiskeldi Austfjarða hf.	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Vörðu	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5204120930	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Kristján Ingimarsson	<b>ÍSAT nr.</b>	03.21.00
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Starfsleyfi sem upphaflega var gefið út til HB Granda 2011 var flutt yfir á nýtt fyrirtæki, Fiskeldi Austfjörðum ehf kt. 520412-0930 19. 6. 2012  
Starfsleyfinu var síðan aftur breytt 4.október 2012.

Með þeirri breytingu gildir starfsleyfið nú fyrir framleiðslu á allt að 6000 tonn af laxi og allt að 2000 tonn af regnbogasilungi á ári í sjókvíum í Berufirði.

Öllum þorski sem var í kvíum hefur verið slátrað. Eins og fram kemur á meðfylgjandi yfirlitsmynd eru 18 kvíar í sjó en 9 kvíar í notkun. Í 8 þeirra er regnbogasilungur en í einni kví er lax.

Meðalþyngd lax er áætluð 2500 g, en í kvínni eru 32 þús laxar. Í einni kví er regnbogasilungur frá árinu 2012, 27 þúsund fiskar, meðalþyngd 2000 g.

Í hinum 7 eru seyði frá árinu 2013, alls rúmlega 400 þúsund seyði, meðalþyngd 200 til 600 g. Fiski hefur ekki verið slátrað á þessu ári, en áform eru um að slátra næsta vor.

Stefnt er að því að setja út laxaseyði næsta sumar.

## UMFANG EFTIRLITS

Fundað með starfsmönnum um ákvæði starfsleyfis.

Ástand kvía og fjöldi í notkun kannaður, á meðfylgjandi mynd sést svæðið með kvíum, en alls eru 9 kvíar nýttar í dag, átta fyrir regnbogasilung en ein fyrir lax.

Skráningar eru í samræmi við lið 3.1 í starfsleyfi.

## ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirliti.

## ANNAÐ

Vöktunaráætlun liggur fyrir.

Áhættumat og viðbragðsáætlun skv. lið 4.4. í starfsleyfi er aðgengilegt á skrifstofu.

Sama á við um reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið (3.1 í starfsleyfi). Allar eftirlitsmælingar eru aðgengilegar á skrifstofu.

Reykjavík, 11.12.2013

*Hákon Hansson*

Hákon Hansson

**1 Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2 Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.